



Fundargerð

16. fundur byggingarnefndar vegna rakaskemmda í stofnunum Reykjanesbæjar
haldinn að Tjarnargötu 12, 6. mars 2023 kl. 14:30

Viðstaddir: Friðjón Einarsson formaður, Kjartan Már Kjartansson, Guðmundur Björnsson, Grétar I. Guðlaugsson, G. Hans Þórðarson verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu.
Fundargerð ritaði Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir.

Gestir fundarins voru: Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður, Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Kristinn Þór Jakobsson innkaupastjóri, Regína Fanný Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs og Birgir Örn Birgisson frá Consensa.

* * *

1. Útboð stórra verkþátta í Myllubakkaskóla og Holtaskóla

Farið yfir stöðu útboðsmála vegna stórra verkþátta í Myllubakkaskóla og Holtaskóla og hvernig best er að standa að þeim. Ekki er talið að það ástand sem uppi er í húsnæðismálum skólanna falli undir force majeure ákvæði samkvæmt lögum um opinber innkaup. Samþykkt að leggja til við bæjarráð að fara rammisamningsleiðina. Consensa falið að skrifa rammisamning um útboð.

Rætt var um fjármögnun og forgangsörðun verka.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55.

Næsti fundur verður í ráðhúsi Reykjanesbæjar fimmtudaginn 9. mars kl. 14:30.